

Nr. 346

2. apríl 2007

REGLUGERÐ um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um lyfjamál (VI).

1. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1647/2003 frá 18. júní 2003 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2309/93 um málsmæðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu, sem bætist við sem undirliður í lið 15g (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93) í XIII. kafla í II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2004 frá 24. september 2004, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2004, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 12, 10. mars 2005, bls. 38, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. apríl 2007.

Siv Friðleifsdóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2004****frá 24. september 2004****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.**

SAMEIGINLEGA EES-NEFDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvör ðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004 frá 9. júlí 2004 (¹).
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1647/2003 frá 18. júní 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2309/93 um málsmæðerð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu (²) skal feldi inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:*I. gr.*

1. Eftirfarandi bætist við á undan lokamálgrein inngangsorðanna í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:
 „Við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2309/93 skal reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 15g (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2309/93) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:
 „- **32003 R 1647:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1647/2003 frá 18. júní 2003 (Stjórið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 19).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1647/2003, sem verður birtur í *EES-viðbaeti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefdinni (³).

(¹) Stjórið. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 23 og EES-viðbaetir við Stjórið. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 17.

(²) Stjórið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 19.

(³) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Nr. 346

2. apríl 2007

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

REGLUGERÐ RÁDSINS (EB) nr. 1647/2003

frá 18. júní 2003

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2309/93 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
308. gr.,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾ ,
með hliðsjón af álti Evrópupatingsins ⁽²⁾ ,
með hliðsjón af álti endurskoðunarréttarins ⁽³⁾ ,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tiltekin ákvæði í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93 frá 22. júlí 1993 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu ⁽⁴⁾ skulu færð til samræmis við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ⁽⁵⁾ (hér á eftir nefnd almenna fjárhagsreglugerðin), einkum 185. gr.
- 2) Í reglugerð Evrópupatingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennum aðgang að skjólum Evrópupatingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁶⁾ er mælt fyrir um meginreglur og takmarkanir að því er varðar aðgang að skjólum sem kveðið er á um í 255. gr. sáttmálans.
- 3) Við samþykkt reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 samþykktu þessar þjárá stofnanir sameiginlega yfirlýsingum þess efnis að stofnunum og öðrum slíkum aðilum bæri að setja reglur sem samræmdust ákvæðum þeirrar reglugerðar.

⁽¹⁾ Stjóð. EB C 331 E, 31.12.2002, bls. 61.

⁽²⁾ Álti var skilað 27.3.2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽³⁾ Stjóð. EB C 285, 21.11.2002, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjóð. EB L 214, 24.8.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 649/98 (Stjóð. EB L 88, 24.3.1998, bls. 7).

⁽⁵⁾ Stjóð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1, ásamt leiðréttingu í Stjóð. EB L 25, 30.1.2003, bls. 43.

⁽⁶⁾ Stjóð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

- 4) Því ber að bæta viðeigandi ákvæðum inn í reglugerð (EBE) nr. 2309/93, þannig að reglugerð (EB) nr. 1049/2001 taki til Lyfjamálastofnunar Evrópu, svo og ákvæði um kærur vegna synjunar um aðgang að skjólum.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2309/93 til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 2309/93 er breytt sem hér segir:

1. Í 55. gr.:
 - a) Í stað fimmta undirliðar 2. mgr. komi eftirfarandi:
„gerð draga að fjárhagsáetlun um tekjur og gjöld Lyfjamálastofnunarinnar og framkvæmd fjárhagsáetlunar hennar.“
 - b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:
„Framkvæmdastjórin skal árlega leggja drög að vinnaáetlun fyrir komandi ár fyrir stjórnina til samþykktar þar sem gerður er greinarmunur á starfsemi Lyfjamálastofnunarinnar vegna lyfja sem ætluð eru mönnum annars vegar og dýralyfja hins vegar.“
 - c) 4. mgr. falli brott.
2. Í stað 5. mgr. 56. gr. komi eftirfarandi:
„5. Stjórnin skal samþykka ársskýrslu um starfsemi Lyfjamálastofnunarinnar og framsenda hana til Evrópupatingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna, endurskoðunarréttarins og aðildarríkjanna eigi síðar en 15. júní.
6. Lyfjamálastofnunin skal senda fjárveitingavalldinu árlega allar upplýsingar sem varða matsniðurstöður.“

3. Í stað 57. gr. komi eftirfarandi:

„57. gr.

1. Gera skal áætlun um allar tekjur og gjöld Lyfjamálastofnunarinnar fyrir hvert fjárhagsár, sem samsvarar almanaksári, og taka hana inn í fjárhagsáætlun Lyfjamálastofnunarinnar.

2. Jöfnudur skal vera milli tekna og gjalda í fjárhagsáætluninni.

3. Tekjur stofnunarinnar skulu samanstanda af fjárfumlögum frá Bandalaginu og gjöldum sem fyrirtæki greiða fyrir að fá og halda markaðsleyfi Bandalagsins og fyrir aðra þjónustu sem Lyfjamálastofnunin veitir.

4. Til útgjalda Lyfjamálastofnunarinnar skal telja laun starfsmanna, kostnað vegna stjórnunar og grunnvirkja, rekstrarútgjöld og útgjöld í tengslum við samninga sem gerðir eru við þriðju aðila.

5. Stjórnin skal árlega gera áætlun um tekjur og gjöld Lyfjamálastofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggð er á drögum frá framkvæmdastjóra. Stjórnin skal senda framkvæmdastjórmanni áætlunina, sem inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi, eigi síðar en 31. mars.

6. Framkvæmdastjórin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu (sem hér á eftir eru nefnd fjárvéitingavaldið) áætlunina ásamt fyrstu drögum að fjárlögum Evrópusambandsins.

7. Á grundvelli áætlunarinnar skal framkvæmdastjórin fella inn í fyrstu drögini að fjárlögum Evrópusambandsins þær áæthluðu fjárhæðir, sem hún telur nauðsynlegar með hliðsjón af yfirlitinu um stöðugildi, og þá styrkfjárhæð, sem veita skal af fjárlögum, og leggja þau fyrir fjárvéitingavaldið í samræmi við 272. gr. sáttmálands.

8. Fjárvéitingavaldið heimilar fjárvéitingar í formi styrks til Lyfjamálastofnunarinnar.

Fjárvéitingavaldið skal samþykka yfirlitið um stöðugildi fyrir Lyfjamálastofnunina.

9. Stjórnin skal samþykka fjárhagsáætlun Lyfjamálastofnunarinnar. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Ef við á skal leiðréttu fjárhagsáætlunina til samræmis við fjárlögini.

10. Hafi stjórn Lyfjamálastofnunarinnar í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnum fjárhagsáætlunar stofnunarinnar skal hún tilkynna fjárvéitingavaldu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. leigu eða kaup bygginga. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórmanni um þetta.

Hafi aðili, sem er hluti af fjárvéitingavaldu, tilkynnt að hann hafi í hyggju að skila álti skal hann senda stjórn Lyfjamálastofnunarinnar álit sitt innan sex vikna frá tilkynningu verkefnisins.“

4. Eftirfarandi grein bætist við:

„57. gr. a

1. Framkvæmdastjórin sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Lyfjamálastofnunarinnar.

2. Gjaldkeri Lyfjamálastofnunarinnar skal senda gjaldkera framkvæmdastjórnarinnar drög að reikningskilum eigi síðar en 1. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um fjárlaga- og fjármálastjórn á því fjárhagsári. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal gera samstæðu úr drögum að reikningsskilum stofnana og sjálfstæðra aðila í samræmi við 128. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

3. Gjaldkeri framkvæmdastofnunarinnar skal senda endurskoðunarréttinum drög að reikningsskilum Lyfjamálastofnunarinnar eigi síðar en 31. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um fjárlaga- og fjármálastjórn á því fjárhagsári. Skýrslan um fjárlaga- og fjármálastjórn á fjárhagsárinu skal einnig framsend til Evrópuþingsins og ráðsins.

4. Þegar framkvæmdastjóra Lyfjamálastofnunarinnar berast athugasemdir endurskoðunarréttarins við drögini að reikningsskilum stofnunarinnar, skv. 129. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar, skal hann taka saman endanleg reikningsskil stofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda þau til stjórnar Lyfjamálastofnunarinnar til umsagnar.

5. Stjórn Lyfjamálastofnunarinnar skal skila álti um endanleg reikningsskil stofnunarinnar.

6. Framkvæmdastjórin skal framsenda endanleg reikningsskil eigi síðar en 1. júlí eftir lok fjárhagsársins til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðunarréttarins ásamt álti stjórnar Lyfjamálastofnunarinnar.

7. Endanleg reikningsskil skulu birt.

8. Framkvæmdastjórin skal senda endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september. Hann skal einnig senda svarið til stjórnar Lyfjamálastofnunarinnar.

9. Fari Evrópuþingið þess á leit skal framkvæmdastjórin láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að leysa hann undan ábyrgð fyrir viðkomandi fjárhagsár eins og mælt er fyrir í 3. mgr. 146. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

Nr. 346

10. Fyrir 30. apríl árið N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, leysa framkvæmdastjórnun undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.

11. Stjórnin skal samþykka fjárhagsreglur fyrir Lyfjamálastofnumina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (*) nema sérstök þörf sé á sliku fráviki vegna reksturs Lyfjamálastofnumarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.“

(*) Stjórið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72, ásamt leiðrétti í Stjórið. EB L 2, 7.1.2003, bls. 39.

5. Eftirfarandi grein bætist við:

„63. gr. a

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmda-

2. apríl 2007

stjórnarinnar (*) gildir um skjöl í vörslu Lyfjamálastofnumarinnar.

2. Stjórn Lyfjamálastofnumarinnar skal ákveða fyrirkomulag á beitingu reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1647/2003 frá 18. júní 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2309/2002 um málsméðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnumar Evrópu (**).

3. Ákvárdanir, sem Lyfjamálastofnumin tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta orðið tilefni kæru til umboðsmanns eða málshöfðunar fyrir dómsstóli Evrópubandalaganna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 195. gr. EB-sáttmálangs annars vegar og 230. gr. hins vegar.“

(*) Stjórið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

(**) Stjórið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 19.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 18. júní 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

G. DRYS

forseti.

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2007